

Fimmtudaginn 26. mars 1992.

Nr. 415/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Tryggva Erni Björnssyni

(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ríkissaksóknari staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Tryggvi Örn Björnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 2. október 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. ágúst sl. og endurupptekið 18. september og dómtekið að nýju 2. október, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 10. desember 1990, „á hendur Tryggva Erni Björnssyni, Daltúni 32, Kópavogi“, kennitala 161249-4329, fyrir að aka laugar daginn 18. febrúar 1989 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-18796 frá heimili sínu við Barónsstíg í Reykjavík, þar sem lögregla hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-
réttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu
alls sakarkostnaðar”.

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að laugardaginn 18. febrúar 1989 kl. 10.13 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur á Barónsstíg/Grettisgötu bifreiðanna R-18796 og R-33333. Ökumaður bifreiðarinnar R-18796, ákærði í máli þessu, var grunaður um ölvun við akstur. Var hann því færður á lögreglustöð til skýrslutöku hjá varðstjóra. Í skýrslu varðstjóra er meðal annars eftir ákærða haft, að hann hafi verið að koma heiman að frá sér og verið að aka konu sinni til vinnu. Hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann hafi drukkið áfengi kvöldið áður rétt fram yfir miðnætti, nokkur glös af vodka, um magn geti hann ekki sagt.

Í skýrslu varðstjóra eru gerðar þær athugasemdir, að áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður. Þá kemur fram, að öndunarsýni hafi sýnt 3. stig.

Tekið var blóðsýni úr ákærða kl. 11.30, og samkvæmt niðurstöðu rannsóknna mældist magn alkóhóls í blóði hans 0,86‰.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 21. ágúst 1989 kvaðst ákærði vilja gera athugasemdir við varðstjóraskýrslu. Í skýrslunni sé krossað við já, þar sem spurt sé, hvort hann hafi verið að drekka áfengi. Hann hafi viðurkennt að hafa drukkið áfengi um 10 klst. áður en hann var spurður. Þá sé í skýrslunni krossað við, að ökutækið hafi verið tekið í vörslu lögreglunnar. Það sé ekki rétt. Lögreglan hafi aldrei óskað eftir að fá kveikjulásslyklana. Hann hafi spurt varðstjóra eftir blóðsýnistökuna, hvort hann mætti fara á bílnum, hvort hann væri frjáls ferða sinna, og hafi hann svarað því jáandi. Hann hafi því farið á bifreið sinni og ekið til Þorsteins J. Jónssonar, Holtagerði, Kópavogi.

Á árekstrarstaðnum hafi hann verið látinn blása tvisvar í öndunarsýni, en hvergi komi fram niðurstaða úr þeim öndunarsýnum. Lögreglumaður, sem hafi látið sig blása í bílnum, hafi sagt sér, að sýnið sýndi undir þremur stigum. Hjá varðstjóra hafi hann verið látinn blása tvisvar í öndunarsýni og einu sinni í eitthvert tæki. Hann hafi blásið fyrst einu sinni, síðan skolað munninn og blásið aftur tvisvar.

Læknirinn, sem blóðsýnið tók, hafi sett glasið í umslag og afhent það lögreglumönnum. Ekkert innsigli hafi verið notað, hvorki á glasið né umslagið. Hann hafi verið viðstaddur, er varðstjóri reif umslagið upp og

tók glasið og merkti það einhverjum tölum, og hafi hann sagt, að glasið væri síðan geymt í innsigliðum skáp, en það hafi enn verið á borði varðstjórans, er hann fór frá lögreglustöðinni. Hann vilji efast um, að málsmeðferð öll í málinu sé lögum samkvæm, og telur sig því ekki sekan um neitt brot.

Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna máls þessa 15. janúar 1990, og játaði hann þá ekki, að efni kærunnar væri rétt, og kannaðist ekki við brot sitt frá 18. febrúar 1989. Hafnaði hann að ljúka málinu með dómsátt og taldi meðferð blóðsýnis algjörlega ótæka.

Við yfirheyrslu fyrir dómi 16. janúar 1991 gerði ákærði sömu athugasemdir og við skýrslutöku hjá lögreglu og skýrði frá á sama veg. Hann kvaðst í umrætt sinn hafa verið að aka konu sinni til vinnu. Rétt áður en hann komi að Sundhöll Reykjavíkur, rekist hliðarspegill bifreiðar sinnar á hliðarspegil bifreiðar, sem hann mæti. Spegillinn hafi rétt lagst til, og því hafi hann ekki séð ástæðu til að nema staðar. Þegar hann sé svo að koma frá því að aka konu sinni, verði hann var við það á Bergþórugötu, að flautað er og ljósum blikað, og þegar hann staðnæmist á biðskyldu, komi maður hlaupandi og spyrji sig, hvers vegna hann hafi ekki stansað, er bílarnir rákust saman. Á planinu hjá Sundhöllinni fari hann inn í bíl mannsins, setjist í aftursætið og halli sér fram á sætið hjá honum. Spyrji hann þá ákærða, hvort hann hafi verið að drekka vín. Hann svari því neitandi, en kveðst hafa verið að gera það kvöldið áður. Hann hafi verið í matarboði og drukkið lítið af léttvinsglundri með mat, en eftir matinn hafi verið skálað í „bollu“, sterkum drykk. Skipti þá engum togum, að hann hringi í lögreglu og hún komi.

Hann sé þá tekinn yfir í lögreglubílinn og þar tekin af sér skýrsla og hann látinn blása. Hann spyrji lögreglumanninn, hvort þetta sé í lagi, og hann svari, að hann viti það ekki, þetta sé alveg á mörkunum. Hann sé síðan látinn blása í aðra blöðru, og það sé sama. Á milli þess, sem hann sé látinn blása, tali lögreglumadurinn við ökumann hins bílsins úti. Hann hafi haft hugboð um, að sá stjórnari. Síðan sé farið með sig á lögreglustöðina. Hjá varðstjóra sé hann látinn blása í blöðru, skola síðan munninn og blása í tæki og loks aftur í blöðru. Hann fái enga niðurstöðu að sjá. Að skýrslutöku lokinni segi varðstjóri, að hann verði líklega að fara í blóðtöku. Eftir blóðtöku sé farið aftur á lögreglustöðina, og taki varðstjóri á móti þeim og taki við blóðsýninu. Ákærði hafi sagt honum, að hann væri ósáttur við meðferð blóðsýnisins. Þá rífi hann upp umslagið og bjóðist til að sýna sér, hvernig þetta fari fram. Ákærði hafi sagt honum, að hann treysti ekki lögreglunni. Hann skrifi á miða og lími á flöskuna, skrifi eitt-hvað í bók og segist svo fara með þetta í innsiglaðan skáp. En hann hafi ekki séð hann fara með það þangað, hann hafi bara sett það til hliðar.

Aðspurður kvaðst ákærði síðast hafa neytt áfengis á milli kl. 10.00 og 11.00 kvöldið áður. Hann hafi þá fundið til mjög lítilla áfengisáhrifa. Hann hafi drukkið borðvín með matnum, síðan hafi verið skálað í „bollu“. Þá minni sig, að hann hafi drukkið viskí, rétt neðan í glasi.

Aðspurður um, hvort honum hafi ekki þótt óvarlegt að aka heimleiðis á bíl sínum eftir það, sem á undan var gengið hjá lögreglu, kvaðst ákærði alveg hafa talið sig „bláedrú“ og að hann hefði getað treyst sér til að aka heim kvöldið áður, þ.e., að hann hafi dómgreindarinnar vegna getað ekið, þótt hann hafi e.t.v. verið yfir mörkum.

Þá kvað ákærði ekki hættu á öðru en varðstjóri hefði fengið rétt blóðsýni, en eftir það telji hann ekki öruggt um það og ekki öruggt, að rétt blóðsýni hafi farið til Rannsóknarstofu háskólans. Í niðurstöðu alkóhól-rannsóknar komi ekki fram blóðflokkur sinn, og geti því niðurstaðan átt við blóðsýni einhvers annars.

Vitnið Þorvaldur Kristjánsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið að sinna umræddum árekstri ásamt öðrum lögreglumanni. Hafi útlit ákærða líkst meira útliti manns, sem hafi drukkið kvöldið áður, en manns, sem nýlega hafi neytt áfengis. Öndunarsýni hafi verið tekið af ákærða, og hafi það sýnt litarbreytingu og þeir (sic) þá ákveðið að flytja hann á lögreglustöðina til frekari ákvörðunar. Þar hafi verið tekið öndunarsýni, eftir að ákærði hafði skolað munninn úr vatni, og hafi það einnig sýnt litarbreytingu. Hefði varðstjóri því ákveðið, að ákærði yrði fluttur á slysadeild til töku á blóðsýni.

Vitnið Magnús G. Arneson lögreglumaður skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá lögreglu, að hann hefði farið út að kanna skemmdir. Þegar hann komi aftur yfir í lögreglubifreiðina, hafi hann fundið áfengisþef í bifreiðinni. Þar sem öndunarsýni, sem tekið var af ákærða, hafi sýnt litarbreytingu, hafi þeir (sic) tekið ákvörðun um að flytja hann á lögreglustöð. Þar hafi verið tekið öndunarsýni, eftir að ákærði hafði fengið að skola munninn úr köldu vatni, og hafi það einnig sýnt litarbreytingu. Því hafi varðstjóri ákveðið, að ákærði yrði fluttur á slysadeild til töku blóðsýnis. Áfengisþefur hafi verið lítill af ákærða, en útlit hans bent til þess, að hann hefði neytt áfengis kvöldið áður, frekar en að hann hefði verið nýbúinn að neyta áfengis.

Við yfirheyrslu fyrir dómi skýrði vitnið frá á sama veg, en kvaðst ekki muna, hvort ákærði bar merki ölvunar.

Vitnið Guðmundur I. Sigurðsson lögregluvarðstjóri hefur skýrt svo frá, að tveir lögreglumenn hafi komið með ákærða á lögreglustöðina vegna grunar um ölvun við akstur og að ákveðið hafi verið, að hann yrði sendur til blóðsýnistöku að skýrslugerð lokinni. Hann muni ekki eftir útliti og ástandi ákærða, en tilefni hafi verið til að senda hann í blóðsýnistöku, fyrst hann hafi tekið ákvörðun um það.

Lögreglumenn, sem komi með öikumenn á lögreglustöð, sem grunaðir séu um ölvun við akstur, merki venjulega bíllykla og setji þá á töflu í Almennri deild hjá varðstjóra og færi bifreið á geymslusvæði lögreglunnar. Hann muni ekki eftir lyklum í þessu máli.

Vitnið Vignir Sveinsson lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann stundi ökukennslu í aukastarfi. Í umrætt sinn hafi hann verið að kenna og verið á leið suður Barónsstíg. Sjái hann þá bíl koma á móti. Akbrautin hafi verið með skorningum og því erfitt að mætast. Nemandi sinn aki eins utarlega og unnt hafi verið og hraði bifreiðarinnar vart verið mælanlegur. Sér hafi virst billinn á móti, þ.e. bill ákærða, ekkert draga úr hraða, og þegar bílarnir mætast, skella hliðar-speglar þeirra saman. Ákærði stansi ekki og haldi áfram. Hann veiti honum eftirför. Á horni Njálsgötu og Barónsstígs nemi ákærði staðar, og nái hann þá tali af honum, en áður hafi hann verið búinn að flauta og blika ljósum.

Á bifreiðastæði á milli Sundhallarinnar og Heilsuverndarstöðvarinnar komi ákærði yfir í bílinn til sín og setjist aftur í, og þá finni hann alveg greinilega áfengislykt af honum. Ákærði hafi ekki viljað lögreglu á staðinn og ólmur viljað greiða fyrir spegilinn á bíl vitnisins, en hann hafði skemmst við áreksturinn. Hann hafi hringt á lögreglu úr bíl sínum og tilkynnt um árekstur og „meint“, þ.e. meinta ölvun við akstur. Ákærði hafi verið þreytulegur og greinilega áfengislykt af honum. Hann hafi ekki séð, að hann væri áberandi ölvaður, en slæptur að sjá. Kalt og rakt hafi verið úti, og því hafi billinn verið vel heitur; því hafi áfengislykt fundist greinilega af honum. Vitnið hafi áréttað við lögreglu, er hún kom á staðinn, að það grunaði, að ákærði væri ölvaður.

Vitnið Rúnar Guðmundsson, fyrrverandi aðalvarðstjóri, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að ekki sé víst, að hann hafi tekið við blóðsýni í máli þessu, þó að hann hafi undirritað beiðni. Hún sé útbúin, um leið og sýnin séu send í rannsókn, en það sé gert tvisvar í viku. Hann muni ekki eftir máli þessu.

Vitnið Jónas Hallsson aðalvarðstjóri hefur skýrt eftirfarandi frá við yfirheyrslu hjá lögreglu:

„Laugardaginn 18. febr. 1989 kl. 11.30 tók ég á móti blóðsýni, sem tekið hafði verið úr Tryggva Björnssyni, Daltúni 32, Kópavogi.

Ég tók umslag utan af blóðsýnisglasinu og merkti það með tölunni 100. Ég færði blóðsýnið í blóðsýnishornabók lögreglunnar, eins og sjá má á ljósriti úr blóðsýnishornabók, sem ég undirskrifa. Síðan setti ég blóðsýnið í annað umslag og merkti það með nr. 100. - Þá setti ég blóðsýnið í þar til gerðan álkassa, og eftir að það hefur verið sett niður um op á kassanum, er ekki hægt að ná því úr honum nema opna hann með lykli. - Lykil þennan

hefur stöðvarstjóri og ekki aðrir. -Tvisvar í viku eru blóðsýni flutt til Rannsóknastofu háskólans af tveimur lögreglumönnum.

Þegar blóðsýni eru tekin úr áðurgreindum geymslukassa, gera það stöðvarstjóri og aðalvarðstjóri. Blóðsýnin, sem farið er með í hvert skipti, eru færð inn í þar til gerða bók, sem lögreglumennirnir fara með, og er kvittað fyrir móttöku í rannsóknastofunni. Í þessu tilfalli voru flutningsmenn lögregluþjónar nr. 143 og 149.

Í rannsóknastofunni kvittar fyrir móttöku á blóðsýni nr. 100 Sigríður Í. Hákonsson, eins og sjá má á ljósriti úr móttökubók, sem fylgir.

Vitnið kom fyrir dóminn og skýrði frá á sama veg og hjá lögreglu. Þá kvað það gengið frá einu blóðsýni í senn til að koma í veg fyrir, að þau ruglist. Þegar allt hafi verið skráð, sé kallaður til vottur til að fara yfir skráninguna, og að honum viðstöddum sé blóðsýnið sett í umslag, sem merkt sé sama númeri, því lokað og stungið í læstan kassa. Þá benti vitnið á, að samkvæmt ljósritum úr blóðsýnishornabók sé næsta blóðsýni á undan blóðsýni ákærða, þ.e. sýni nr. 99, tekið kl. 7.45, sýni ákærða, nr. 100, kl. 11.30 og sýni nr. 101, næsta sýni þar á eftir, kl. 1.45. Óhugsandi sé, að sýni þessi hafi samtímis verið á borði, því að gengið sé frá færslu sýna jafnóðum.

Aðspurt um bíllykla kvað vitnið lykla kærðra setta í geymslu hjá varðstjóra. Aðalvarðstjóri komi þar hvergi nærri. Vaktaskipti séu kl. 12.30, og vera kunni, að ný vakt hafi afhent lykllana fyrir mistök.

Vegna rannsóknar málsins beindi dómarrinn þeirri fyrirspurn til lögreglu- stjóraembættisins í Reykjavík, hvaða reglur giltu um meðferð og vörslu blóðsýna. Í svarbréfi Sturlu Þórðarsonar, dagsettu 14. maí 1991, sem lagt er fram sem dskj. nr. 5, segir:

„Þegar læknir hefur tekið blóðsýni úr ökumanni og skrifað vottorð þar að lútandi, færa lögreglumenn blóðsýnið, sem er í til þess gerðu glasi, á lögreglustöð til varðstjóra. Glasið er í umslagi, merktu ökumanni. Varðstjórinn skráir nafn ökumanns og aðrar upplýsingar í sérstaka blóðsýna- bók, þar sem blóðsýnið fær ákveðið númer. Númerið er skráð á miða, sem er áfastur glasinu, sem síðan er lokað í umslagi, sem einnig ber númer sýnis- ins. Blóðsýninu er síðan stungið í læstan kassa, sem geymdur er í kælikáp, uns blóðsýnin eru færð Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði, en starfs- menn þeirrar stofnunar hafa lykilinn að blóðsýnakassanum. Starfsfólk rannsóknastofunnar tæmir kassann og kvittar fyrir móttöku blóðsýnanna í til þess gerða bók og færa síðan kassann og bókina aftur til varðstjóra. Niðurstöður blóðrannsókna koma síðan að nokkrum dögum liðnum og eru sameinuð viðkomandi málum með hjálp blóðsýnabókarinnar.“

Þá beindi dómarrinn þeirri fyrirspurn til Rannsóknastofu háskólans, hversu lengi blóðsýni, sem rannsóknastofunni berast frá lögreglu til alkó-

hólsákvörðunar, séu varðveitt og hvort fyrirbyggjandi væru niðurstöður einhverra annarra rannsókna á sýnum, er fargað hefði verið, þannig, að unnt væri að rannsaka, hvort um blóðsýni úr tilteknum manni væri að ræða. Í svarbréfi Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 28. júní 1991, sem lagt er fram sem dskj. nr. 7, kemur fram, að blóð- og þvagsýni úr öku-mönnum séu geymd í kæli í eitt ár, eftir að þau berist rannsóknastofu, og að ekki liggi fyrir neinar rannsóknir á blóðsýnum, sem geti sagt til um, úr hvaða manni sýnið var tekið.

Vitnið Þorsteinn J. Jónsson hefur borið fyrir dómi, að ákærði hafi komið á heimili þess um kl. 12.30 umræddan dag. Hafi hann komið á bíl sínum. Hann hafi ekkert séð á ákærða, sem hafi kvartað undan meðferð lögreglunnar á sér, meðal annars því, að hann hafi verið látinn blása 4-5 sinnum. Allt hafi verið gert til að koma á sig sök. Varðstjóri hafi síðan afhent sér lykllana og hann farið á bílnum. Hann hafi sagt vitninu, að hann hefði neytt áfengis kvöldið áður, en talið sig vera búinn að sofa nóg, annars hefði hann ekki ekið konunni.

Ákærði krafðist þess í munnlegri vörn, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt neyslu áfengis kvöldið fyrir aksturinn. Í varðstjóraskýrslu er eftir honum haft, að hann hafi drukkið áfengi kvöldið áður rétt fram yfir miðnætti, nokkur glös af vodka. Við yfirheyrslu fyrir dómi kvaðst ákærði síðast hafa neytt áfengis á milli kl. 10.00 og 11.00. Hann hafi drukkið borðvín með mat, síðan hafi verið skálað í „bollu“, sterkum drykk, og sig minni, að hann hafi drukkið viski, rétt neðan í glasi. Hann hafi fundið til lítilla áfengisáhrifa.

Vitnin Þorvaldur Kristjánsson og Magnús G. Arneson lögreglumenn hafa báðir borið, að útlit ákærða hafi meira líkst útliti manns, sem hafi drukkið kvöldið áður, en manns, sem nýlega hafi neytt áfengis. Þá hefur Magnús G. Arneson borið, að hann hafi fundið áfengisþef, er hann kom inn í lög-reglubifreiðina, og að lítill áfengisþefur hafi verið af ákærða. Báðir hafa borið, að öndunarsýni ákærða hafi sýnt litarbreytingu, einnig eftir að hann hafi skolað munninn á lögreglustöð.

Vitnið Guðmundur I. Sigurðsson lögregluvarðstjóri hefur borið, að hann muni ekki eftir útliti og ástandi ákærða, en tilefni hafi verið til að senda hann í blóðsýnistöku, fyrst hann hafi tekið ákvörðun um það.

Vitnið Vignir Sveinsson hefur borið, að hann hafi fundið alveg greinilega áfengislykt af ákærða, er hann kom inn í bíl vitnisins, og hann hafi verið

þreytulegur. Hann hafi ekki séð, að hann væri áberandi ölvaður, en slæptur að sjá.

Í skýrslu varðstjóra eru gerðar þær athugasemdir, að áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða og að öndunarsýni hafi sýnt 3. stig.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældust 0,86% alkóhóls í blóði ákærða.

Ákærði hefur borið, að hann hafi talið sig „bláedru“ við aksturinn í umrætt sinn.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann telji meðferð blóðsýnisins ekki örugga, eftir að það var afhent varðstjóra, og ekki sé öruggt, að rétt blóðsýni hafi farið til Rannsóknastofu háskólans. Í niðurstöðu alkóhólrannsóknar komi ekki fram blóðflokkur sinn, og geti því niðurstaðan átt við blóðsýni einhvers annars.

Rannsókn á meðferð og vörslu blóðsýna þykir hafa leitt í ljós, að meðferð og varsla blóðsýnis ákærða hafi verið venju samkvæmt. Þykir því mega treysta niðurstöðu alkóhólrannsóknar, enda þykir hún samrýmanleg öðru, sem fram er komið í málinu.

Með vísan til alls þessa verður því að teljast sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir: [Ákærði hefur sætt fjórum refsidómum fyrir ölvunarakstur o.fl., síðast 1973, er hann var sviptur ökuleyfi ævilangt. Ökuleyfi veitt að nýju 10. júlí 1981.]

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir þeim refsilagaákvæðum, sem sakfelld er fyrir, sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 21.000 kr., og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru, og með vísan til þeirra lagaákvæða, sem þar er vitnað til, að svipta ákærða ökuréttindum, og þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn þrjú mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Björnsson, greiði sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 21.000 kr., og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjú mánuði frá dómsbirtingu. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðir aðför að lögum.